

SÍL 2 hs.

Árshlutareikningur 30. júní 2024

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	7
Skýringar .....	8
<i>Viðauki - fylgiskjöl ekki könnuð af endurskoðanda:</i>	
Útlistun á verðbréfum með föstum tekjum í eigu SÍL 2 hs. 30.06.2024 .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

SÍL 2 hs. er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Sjóðurinn var stofnaður á árinu 2023 og er tilgangurinn að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru til sjóðsins gegn útgáfu skuldabréfa.

Árshlutareikningur sjóðsins SÍL 2 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Rekstur sjóðsins er í höndum Stefnis hf. og vísunum við í árshlutareikning Stefnis hf. varðandi frekari upplýsingagjöf stjórnar.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu sem nam 51 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í júnílok 2024 nam 1.126 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2024

Í stjórn:

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður  
Guðmundur Jóhann Jónsson, meðstjórnandi  
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Jón Finnbogason

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í SÍL 2 hs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning SÍL 2 hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2024 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Reykjavík, 20. ágúst 2024

**Deloitte ehf.**

Gunnar Þorvarðarson

endurskoðandi

Árshlutareikningur SÍL 2 hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

# Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2024 (1)

		1.1. -30.6. 2024	1.1. -30.6. 2023
	<b>Skýr.</b>		
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	2-5		
Vaxtatekjur og verðbætur .....		451.301	98.659
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 440.351)	( 92.019)
Virðisbreyting verðbréfa .....		4.634	636
<b>Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld) samtals</b>		<u>15.584</u>	<u>7.276</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýsluþóknun rekstraraðila .....	6	14.049	3.896
Annar rekstrarkostnaður .....		1.484	3.352
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<u>15.533</u>	<u>7.248</u>
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini</b> .....		<u>51</u>	<u>28</u>

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024 (1)

		30.6.2024	31.12.2023
	<b>Skýr.</b>		
<b>Eignir</b>			
Fjárfestingar:			
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	6.975.876	7.022.422
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	8	13.738	1.347
Fjárfestingar samtals		<u>6.989.614</u>	<u>7.023.769</u>
Aðrar eignir:			
Handbært fé .....	9	85.867	12.410
Aðrar eignir .....	10	2.746	0
Aðrar eignir samtals		<u>88.613</u>	<u>12.410</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>7.078.227</u>	<u>7.036.179</u>
<b>Skuldir</b>			
Útgefin skuldabréf .....	13	7.021.972	7.023.139
Skuldir við tengd félög .....		7.512	8.923
Aðrar skuldir .....	11	47.617	3.042
<b>Skuldir samtals</b>		<u>7.077.101</u>	<u>7.035.104</u>
<b>Hrein eign í lok tímabilsins .....</b>		<b>1.126</b>	<b>1.075</b>
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús. ) .....		1.000	1.000
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins .....		1,13	1,08

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar - 30. júní 2024 (1)

	1.1. -30.6. 2024	1.1. -30.6. 2023
<b>Skýr.</b>		
Hrein eign í byrjun árs .....	1.075	0
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....	51	28
<b>Fjármögnunargreyingar:</b>		
Seld hlutdeildarskírteini .....	0	1.000
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	0	0
Fjármögnunargreyingar	<u>0</u>	<u>1.000</u>
<b>Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins .....</b>	<b><u>1.126</u></b>	<b><u>1.028</u></b>

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Starfsemi

Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufleði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánasamninga sem hann hefur fjárfest í.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur SÍL 2 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

### 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvísitölu sem tók gildi í byrjun janúar 2024. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

### 5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

### 6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun sem reiknast sem fast hlutfall, 0,4%, á ári af heildarstærð sjóðsins. Að fjárfestingartímabili loknu nemur þóknun rekstraraðila 0,35% á ári af heildareignum sjóðsins. Þóknun vörsluaðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun rekstraraðila.

Vísað er til skýringar 12 í árshlutareikningi Stefnis hf., þar sem gerð er grein fyrir öllum launum og launatengdum gjöldum starfsmanna Stefnis, bæði föstum og breytilegum ásamt fjölda starfsmanna.

Hægt er að nálgast árshlutareikning Stefnis á vefnum [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).

### 7. Verðbréf með föstum tekjum

Eignir sjóðsins eru að meirihluta óverðtryggðar m.v. júnílok 2024. Nánari útlitun á þeim kemur fram í óendurskoðuðum viðauka aftan við skýringar árshlutareikningsins.

Við reglubundið mat á eignum sjóðsins er ekki talin ástæða til að færa virðisrýrnun.

### 8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum í eigu sjóðsins eru hlutdeildarskírteini sjóða. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði í lok tímabilsins.

### 9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

### 10. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

### 11. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst óuppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til hækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.



# Skýringar, frh.:

## 12. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

## 13. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðsluflæði skuldabréfsins er óreglulegt. Skuldabréfin eru óverðtryggð með fljótandi vöxtum sem breytast á þriggja mánaða fresti. Vextir og afborganir taka mið af greiðslum undirliggjandi eigna að teknu tilliti til kostnaðar og endurfjárfestinga í samræmi við reglur skuldabréfsins. Afborganir geta því verið engar á gjalddögum skuldabréfsins ef greiðsluflæðið er nýtt til endurfjárfestinga.

Greiðslur af skuldabréfi í júnílok 2024:

	Virði
Til greiðslu 2025 .....	21.972
Til greiðslu 2026 .....	0
Til greiðslu 2027 .....	0
Til greiðslu 2028 .....	0
Til greiðslu 2029 .....	7.000.000
	<u>7.021.972</u>

Nafn- og raunávöxtun skuldabréfsins SIL 23 1 greinist þannig:

	2024	2023	2022	2021
Nafnávöxtun (1) .....	5,77%	9,02%	-	-
Raunávöxtun (1) .....	2,14%	3,54%	-	-

## 14. Hlutdeildarskírteini - bókfært virði og gengi

Bókfært virði hlutdeildarskírteina og kaupgengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	30.6.2024	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina .....	1.126	1.075	-	-
Kaupgengi hlutdeildarskírteina .....	1,13	1,08	-	-

## 15. Hlutdeildarskírteini - ávöxtun

Nafn- og raunávöxtun greinist þannig:

	2024	2023	2022	2021
Nafnávöxtun (1) .....	4,72%	7,54%	-	-
Raunávöxtun (1) .....	1,13%	( 0,43%)	-	-

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023

# Útlistun á verðbréfum með föstum tekjum í eigu SÍL 2 hs. 30.06.2024

Lán-taki	Tegund veðs	Tekjur	Eignir	Fjárhæð	Loka-gjalddagi	Óverðtryggt/ verðtryggt	Tegund afborgana	Fjöldi gjald-daga pr.ár	Fram-leng-ingar-heimild	Útgáfu-dagur
1	Fasteignir	100 - 500	1.000 - 2.500	251	01.06.2027	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		09.05.2022
2	Fasteignir	0, einungis fj.tekjur	500 - 1.000	259	03.09.2027	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		26.08.2022
3	Veltufé	4.500 - 6.000	2.500 - 5.000	229	01.08.2025	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12	2*12 mán	27.06.2022
4	Fasteignir	Undir 100	500 - 1.000	229	01.07.2032	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		13.04.2022
5	Fasteignir	Undir 100	1.000 - 2.500	190	06.05.2032	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		12.04.2022
6	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	88	01.03.2048	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		24.03.2023
7	Fasteignir	Undir 100	500 - 1.000	149	01.01.2047	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		21.12.2021
8	Fasteignir	100 - 500	2.500 - 5.000	384	01.06.2028	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		06.06.2023
9	Lóðafjármögnun	100 - 500	2.500 - 5.000	352	01.07.2025	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf			15.03.2024
10	Sjóðstreymi	1.000 - 2.500	1.000 - 2.500	428	01.08.2026	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12	1*3 ár	21.07.2023
11	Lóðafjármögnun	Undir 100	1.000 - 2.500	383	11.08.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf			14.08.2023
12	Fasteignir	0 ekki í rekstri	0 - 500	207	03.04.2028	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		29.03.2023
13	Fasteignir	100 - 500	1.000 - 2.500	277	01.02.2028	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		10.02.2023
14	Fasteignir	100 - 500	0 - 500	138	05.02.2044	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		17.01.2024
15	Skráð hlbr	0, einungis fj.tekjur	Yfir 7.500	535	01.12.2026	Óverðtryggt	Vaxtagreiðslubríf	1		30.11.2023
16	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	91	01.05.2043	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		12.05.2023
17	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	99	01.03.2025	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		28.02.2022
18	Fasteignir	100 - 500	500 - 1.000	452	01.04.2025	Óverðtryggt	Vaxtagreiðslubríf	12		24.03.2023
19	Byggingaframkvæmdir	0, í framkvæmdum	2.500 - 5.000	491	20.06.2025	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf			04.07.2023
20	Fasteignir	100 - 500	500 - 1.000	300	05.12.2028	Verðtryggt	Jafnar afborganir	4		18.12.2023
21	Lóðafjármögnun	0, upphaf framkvæmda	0 - 500	156	01.07.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf			28.12.2022
22	Fasteignir	100 - 500	0 - 500	92	10.02.2049	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		22.02.2024
23	Fasteignir	100 - 500	0 - 500	235	10.02.2049	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		22.02.2024
24	Fasteignir	100 - 500	Yfir 7.500	403	10.06.2027	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		15.06.2022
25	Skráð hlbr	0, einungis fj.tekjur	0 - 500	150	16.12.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf		1*12 mán	15.12.2023
26	Skráð hlbr	0, einungis fj.tekjur	0 - 500	118	17.12.2024	Óverðtryggt	Eingreiðslubríf		1*12 mán	15.12.2023
27	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	158	01.05.2043	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		12.05.2023
28	Fasteignir	Undir 100	500 - 1.000	133	03.01.2048	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		12.12.2023